

**Jökulhlaup í Kverká, Kreppu og Jökulsá á  
Fjöllum**

**Oddur Sigurðsson, Páll Jónsson**

**Greinargerð Osig-PJ-99-04**

1999-08-20

## Jökulhlaup í Kverká, Kreppu og Jökulsá á Fjöllum

Um verslunarmannahelgina s.l. varð mikið jökulhlaup í Kverká sem barst áfram í Kreppu og svo í Jökulsá á Fjöllum. Olli það talsverðu tjóni á mannvirkjum og teppti ferðaleiðir fólks sums staðar svo sólarhringum skipti.

Jökulhlaup eru alvanaleg á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum sem vænta má þar sem bæði eru stórir jöklar, mikill jarðhiti og virk eldfjöll á vatnasviðinu.

Ekki er vitað hvaðan jökulhlaup koma í Jökulsá á Fjöllum ofan Upptýppinga. Þrjú lón eru við jaðar Brúarjökuls sem hafa hlaupið. Þau eru Þorbergsvatn sem hleypur úr í Kreppu og Hnútulón og ónefnt lón ofar með jaðri Brúarjökuls, en úr þeim rennur í Kverká og áfram í Kreppu.

Völundur Jóhannesson sem er hagvanur í Grágæsadal fullyrðir að ekki hafi komið hlaup sem orð er á gerandi í Kverká í langan tíma fyrir 1976. Þórhallur Þorsteinsson og Stefán Scheving á Egilsstöðum gera sér alloft ferð í flugvél yfir jökuljaðarinn og hafa fylgst með lónum þar í áratug. Þórhallur segir að Hnútulón fyllist ávalt á fyrsta ári eftir hlaup upp í yfirfall meðfram jöklinum til austurs. Hann er nokkuð viss um að hlaup hafi komið árvisst úr efra lóninu a.m.k. síðan 1991. Þá hefur það alltaf verið síðari hlutann í júlí. Sé svo þá eru þessi hlaup svo lítil að þau sjást vart á línuritum úr vatnshæðarmælum Vatnamælinga. Þórhallur telur að vatn hafi aldrei fallið úr því í Hnútulón, en hlaup úr efra lóninu virðast stundum veikja svo stífluna fyrir Hnútulóni að það valdi hlaupi þaðan.

Hér á eftir fer tafla yfir nokkur jökulhlaup á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum á undanförunum áratugum.

**Tafla 1 Hlaup á vatnasviði Jökulsár á Fjöllum**

Uppruni	dags.	ár	hámarksrennsli m <sup>3</sup> /s	hlaupvatn 10 <sup>6</sup> m <sup>3</sup>
Hnútulón?, Kverká	26.9.-27.9.	1976	340	30
Hnútulón?, Kverká	3.9.-4.9.	1979	800	30
Hnútulón?, Kverká	11.9.-15.9.	1980	240	20
Hnútulón, Kverká	27.8.-28.8.	1982	500?	39
Hnútulón, Kverká	7.7.-9.7.	1984	600?	49
Hveradalur?, Jökulsá	30.1.	1985	175	1
Hnútulón, Kverká	24.8.-26.8.	1986	680	38
Hnútulón?, Kverká	22.7.-24.7.	1987	380	20
Hveradalur?, Jökulsá	14.11.-15.11.	1987	520	10
Hnútulón, Kverká	11.7.-13.7.	1991	770	63
Þorbergsvatn, Kreppa	13.7.-14.7.	1991	530	13
Þorbergsvatn, Kreppa	15.8.-16?8.	1994	330	14
Hnútulón, Kverká	10.8.-12.8.	1996	1000	84
Hnútulón og efra lón, Kverká	30.7.-1.8.	1999	1400	42

Í töflunni eru rennslistölur við vatnshæðarmæli nr. 233 við Lónshnjúk að grunnrennsli meðtöldu en það er dregið frá í rúmmálistölum. Margar af nýjustu tölunum eru bráðabirgðaútreikningar. Þess ber að geta að vatnshæðarmælir nr. 102 við Grímsstaði bendir til að hámarks rennsli þar hafi

Í nýafstöðnu hlaupi verið nálægt 2500 m<sup>3</sup>/s. Þar gætir misræmis vegna þess að vatnshæð við báða ofannefnda mæla fór langt upp fyrir kvarðaðan lykil.

Af þessari töflu er ljóst að hlaupin í Kverká (Kreppu) hafa farið mjög stækkandi í seinni tíð einkum hámrksrennslið. Skýring á því kann að liggja í að jökullinn er að hopa og við það gerist tvennt sem getur haft áhrif á hlaupstærðina. Lónstæðið stækkar og þar með rúmmál vatnsins sem hleypur fram. Stíflan sem heldur lóninu uppi styttist og getur hlaupið því orðið sneggra en ella. Þessi stífla er nú orðin mjög stutt og þunn og er ekki víst að hún nái að stífla Hnútulón aftur meðan ekki kemur gangur í jökulinn.

#### Heimildalisti:

Oddur Sigurðsson, Árni Snorrason og Snorri Zóphóníasson 1992. Jökulhlaupaannáll 1984-1988. *Jökull* 42, bls. 73-80.

Sigurjón Rist 1976. Jökulhlaupaannáll 1974, 1975 og 1976. *Jökull* 26, 75-79.

Sigurjón Rist 1981. Jökulhlaupaannáll 1977, 1978, 1979 og 1980. *Jökull* 31, 31-35.

Sigurjón Rist 1984. Jökulhlaupaannáll 1981, 1982 og 1983. *Jökull* 34, 165-172.